

Aðalfundur Bárunnar

haldinn í Hafnarfirði 1. október 2017

Ályktanir frá fundinum - til 33. aðalfundar LS

Krókaaflamark

Aðalfundur Bárunnar skorar á stjórnvöld að gefa engan afslátt af sérstöðu krókaaflamarksbáta með að takmarka veiðar þeirra við notkun á línu og handfærum.

Veiðikerfið er þekkt fyrir umhverfisvænleika sem er aðalsmerki bátanna. Eftirspurn eftir aðla þessara báta fer stöðugt vaxandi þar sem unnið er á hæstu verðum á hágæða fiski og virðingu fyrir umhverfinu.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur Bárunnar mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu grásleppuveiða.

Veiðgjald

Aðalfundur Bárunnar lýsir stuðningi við ályktun stjórnar LS um breytingar á veiðigjaldi.

Gjaldið verði þrepaskipt. Þeir bátar sem fá úthlutað minna en 50 tonnum greiði fjórðung af veiðigjaldi. Gjaldið hækki með auknum heimildum og þau fyrirtæki sem hafi þúsundir tonna í heimildir greiði álag á veiðigjald.